

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2026, þriðjudaginn 1. september kl. 13:00 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1372. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Sigrún Reynisdóttir, Dagný Geirdal og Böðvar Páll Jónsson. Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.

Þetta gerðist:

1. Álfabakki 2A - USK26060365

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23080010 með því að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 2A við Álfabakka.

Erindi fylgir greinagerð um brunavarnir dags. 22. júní 2026 og yfirlit breytinga dags. 24 september 2024.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

2. Álfabakki 8 Viðbygging - USK26030506

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu, tvær hæðir og kjallara við verslunar- og skrifstofuhús á lóð nr. 8 við Álfabakka

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Brunahönnun slf. dags. 30. mars 2026.

Stærð: 5.232,7 ferm., 26.934,5 rúmm.

Frestað. Vísað til skipulagsfulltrúa.

3. Ármúli 5 - USK26080197

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri framkvæmd sem felst í að skipta í tvennt gistisherbergi á 3. hæð í gististað í fl. II. í húsi á lóð nr. 5 við Ármúla.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Bankastræti 7 - USK26080077

Sótt er um leyfi til að setja upp svalalokun á hluta svala á 4. hæð húss á lóð nr. 7 við Bankastræti.

Stækkun: 31,5 ferm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og lögð fram umsögn frá Skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Bankastræti 7A - USK26020457

Sótt er um leyfi til að rífa og endurbyggja efstu hæð, koma fyrir lyftu, innrétta verslun á 1. hæð, veitingastað í fl. II, teg. ? á 2. hæð og skrifstofur á 3. hæð í húsi á lóð nr. 7A við Bankastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 24. mars 1994.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Bauganes 3A - USK26030317

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og til að byggja tveggja hæða viðbyggingu úr timbri við einbýlishús á lóð nr. 3A við Bauganes.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Bergstaðastræti 4 - USK25080048

Sótt er um heimild til að breyta notkun íbúða 0201, 202, 0301 og 0302 í hótélíbúðir í fl. II fyrir samtals 24 gesti á 2. og 3. hæð í verslunar og íbúðarhúsi, mhl. 01, á lóð nr. 4 við Bergstaðastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppráttum samþykktum 10. júlí 2007.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Bolholt 4 – breytingaerindi - USK26010268

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK25040306 þannig að rými 0401 og 0402 eru sameinuð, innra skipulagi er breytt og innréttaðar læknastofur og viðtalsherbergi auk starfsmannaðstöðu á 4. hæð í skrifstofuhúsi, mhl. 01, á lóð nr. 4 við Bolholt.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 24. mars 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppráttum samþykktum 26. ágúst 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

9. Brávallagata 8 - USK26060087

Sótt er um leyfi til að setja svalir á austurhlið 1., 2. og 3. hæðar fjölbýlishúss á lóð nr. 8 við Brávallagötu.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 3. júlí 2026 og umsögn Minjastofnunar dags. 4. ágúst 2026.

Frestað. Málinu vísað til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

10. Bræðraborgarstígur 39 - USK26030343

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rishæðar, setja kvist í stað svala á vesturhlið, setja nýjan kvist og svalir á austurhlið, ásamt því að sótt er um leyfi fyrir áður gerðum bílskúr, mhl. 03 við fjölbýlishús nr. 39 á lóð nr. 39 -41 við Bræðraborgarstíg.

Stækkun mhl. 01: 16,3 ferm., 60,4 rúmm.

Stærð mhl. 03: 16 ferm., 39,6 rúmm

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Depluhólar 2 - USK26050360

Sótt er um leyfi til að innrétta vinnustofu í bílskúr, breyta gluggum og fjarlægja bílskúrshurð auk þess sem sótt er um leyfi fyrir 1,8 m háum steiptum skjólvegg meðfram lóðarmörkum til suðurs og austurs við einbýlishús á lóð nr. 2 við Depluhóla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdrætti.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Einarsnes 42 - USK25110396

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem geymsla á baklóð hefur verið innréttuð sem íbúð á lóð nr. 42 við Einarsnes.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, útskýring hönnuðar dags. 11. febrúar 2026, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2026 og húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 24. ágúst 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda í húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 24. ágúst 2026.

13. Fiskislóð 26 (Fiskislóð) - USK26080159

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052320 með því að breyta innra skipulagi á hluta 1. hæðar og fjarlægja útsogsrör á húsi á lóð nr. 26 við Fiskislóð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 1. nóvember 2016 og 7. maí 2017.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Fiskislóð 45 – breytingaerindi - USK26060308

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25060073 með því að breyta innra skipulagi í rými 0104 ásamt því er hurðaropnun breytt af gangi inn í rými 0102-0105 og rými 0113-0116 í atvinnuhúsi á lóð nr. 45 við Fiskislóð

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Grensásvegur 1 - USK26080196

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. 3. 4. og 5. hæð í skrifstofuhúsi á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Grensásvegur 1A - USK26080283

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0108 í húsi á lóð nr. 1A við Grensásveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Grettisgata 20A – breytingaerindi - USK26040120

Sótt er um leyfi til þess breyta erindi USK24060182 þannig burðarsúlur eru settar undir svalir á 2. hæð í bakhúsi, mhl.02, og að innra skipulagi íbúða er breytt vegna lagnaleiða á 2. og 3. hæð fjölbýlishúss, mhl.01, á lóð nr. 20 A við Grettisgötu.

Afgreiðist samhliða erindi USK26040121, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 24. febrúar 2026 greinargerð vegna breytinga dags. 12. apríl 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Erindi er til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa.

18. Grettisgata 20B – breytingaerindi - USK26040121

Sótt er um leyfi til þess breyta erindi USK24060181 þannig að innra skipulagi íbúða er breytt lítillega og byggð útbygging með glugga þar sem áður var stigi upp á 1. hæð íbúðarhúss á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Afgreiðist samhliða erindi USK26040120, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20A við Grettisgötu.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 24. febrúar 2026 greinargerð vegna breytinga dags. 12. apríl 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Erindi er til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa.

19. Grettisgata 66 - USK26070253

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í kjallara og risi í tvíbýlishúsi á lóð nr. 66 við Grettisgötu

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Heiðarsel 21 - USK26080308

Sótt er um leyfi til að innrétta vinnustofu í útgröfnum kjallararýmum, grafa frá vestur- og norðurhlið og byggja stoðveggi á lóð raðhúss nr. 21 á lóð nr, 21-25 við Heiðarsel.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 13. október 1977.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

21. Hlíðarhús 7 - USK25120150

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. hæð í mhl. 01, þannig að aðgengi og þjónusta er bætt á 1. hæðum mhl. 01 og mhl. 03, auk þess sem öll starfsaðstaða er uppfærð og 6 nýjum hjúkrunarrymum bætt við á 2. og 3. hæð í mhl. 03, hjúkrunarheimilinu Eir á lóð nr. 7 við Hlíðarhús.

Erindi fylgir greinargerð um yfirlit breytinga ásamt aðaltekningum samþykktum 1. ágúst 2006.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing/viðauki við eignaskiptayfirlýsingu verði gerð þar sem verið er að gera breytingar sem hefur áhrif á hlutfall fasteigna í lóð. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

22. Hraunbær 102 - USK26050359

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta veitingastað í flokki II, tegund a í stað bensínstöðvar í verslunarhúsi, mhl. 03 á lóð nr. 102 við Hraunbæ.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

23. Hraunbær 102B - USK26060315

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í rými 0101 í mhl. 06 á lóð nr. 102B við Hraunbæ.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum 23. janúar 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Hraunteigur 19 – breytingaerindi - USK26040069

Sótt er um leyfi til að byggja svalir á suðurhlíð rishæðar, setja kvist og fá samþykktu sem fullgilda íbúð ósamþykktu íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 19 við Hraunteig.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 8. maí 2026, yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og greinargerð hönnuðar dags. 4. ágúst 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Erindið enn hjá skipulaginu en uppfærð gögn bárust.

25. Hverfisgata 4A - USK26030507

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri lyftu á 1-3 hæð í skrifstofuhúsi á lóð nr. 4-6a við Hverfisgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Iðunnarbrunnur 15 - USK26080228

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060509 vegna lokaúttektar þannig að herbergisgluggar í kjallara og á vinnuherbergi á 1. hæð eru síkkaðir í einbýlishúsi á lóð nr. 15 við Iðunnarbrunn.

Erindi fylgir minnisblað hönnuðar dags. 6. ágúst 2026 og yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

27. Jöfursbás 1 – breytingaerindi - USK26080309

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24040310 með því að breyta innra skipulagi, klæðningum og að uppfæra skráningu fjölbýlishúsanna Þengilsbás 2, 4, 6 og 8 á lóð nr. 1 við Jöfursbás.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Kleppsvegur 66 - USK26060309

Sótt er um leyfi til þess að gera breytingar á lóð ásamt því að breyta innra skipulagi og fjölga eignum um fjórar, gera tvær nýjar íbúðir í kjallara stigahúss nr. 66, mhl. 01, og aðrar tvær í kjallara stigahúss nr. 68, mhl. 02, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 66-68 við Kleppsveg.

Erindi fylgir minnisblað burðarvirkishönnuðar hjá VSÓ ráðgjöf, dags. 6. nóvember 2020, greinagerð hönnuðar dags. 3. júní 2026 og yfirlit breytinga dags. 23. apríl 2002.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Kleppsvegur 70 - USK26060311

Sótt er um leyfi til þess að gera breytingar á lóð ásamt því að breyta innra skipulagi og fjölga eignum um fjórar, gera tvær nýjar íbúðir í kjallara stigahúss nr. 70, mhl. 01, og aðrar tvær í kjallara stigahúss nr. 72, mhl. 02, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 70-72 við Kleppsveg.

Erindi fylgir minnisblað burðarvirkishönnuðar hjá VSÓ ráðgjöf, dags. 6. nóvember 2020 og greinagerð hönnuðar dags. 3. júní 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Kleppsvegur 74 - USK26060313

Sótt er um leyfi til þess að gera breytingar á lóð ásamt því að breyta innra skipulagi og fjölga eignum um fjórar, gera tvær nýjar íbúðir í kjallara stigahúss nr. 74, mhl. 01, og aðrar tvær í kjallara stigahúss nr. 76, mhl. 02, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 74-76 við Kleppsveg.

Erindi fylgir minnisblað burðarvirkishönnuðar hjá VSÓ ráðgjöf, dags. 6. nóvember 2020 og greinagerð hönnuðar dags. 3. júní 2026

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Kringlan 4-6 - USK26070277

Sótt er um leyfi til að breikka ramp og flóttastiga, fjarlægja annan flóttastiga, setja þak yfir pallinn og koma fyrir gerðum og sorpgámum fyrir notaðar endurnýjanlegar umbúðir frá veitingastöðum í húsi á lóð nr. 4-6 við Kringluna.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Kristínargata 3 - USK26030212

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt rannsóknar- og skrifstofuhús, fjórar hæðir á kjallara með 55 stæðum og verður tækni-setur fyrir Vísindagarða Háskóla Íslands á lóð nr. 3 við Kristínargötu.

Stærð: 12.199,6 ferm og 56.982,6.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla dags. 1. júní 2026, hljóðvistargreinagerð dags. 1. júlí 2026 og skoðunarskýrsla 3.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

33. Krummahólar 53 - USK25030219

Afturkölluð er afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 3. mars sl. þar sem samþykkt var að gera breytingar á mhl. 03 á lóð nr. 49-59 við Krummahóla.

Í ljós hefur komið að um áður gerða framkvæmd er að ræða og leiðréttist það hér með.

Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 8. júní 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

34. Lambhagavegur 14 - Móttökuhús Sorpu - USK26080369

Sótt er um stöðuleyfi fyrir móttökuhús Sorpu til 12 mánaða eða frá 25. ágúst 2026 - 20. ágúst 2027 á lóð nr. 14 við Lambhagaveg.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa dags. 25. ágúst 2026.

Synjað. Sækja þarf um byggingarleyfi.

35. Laufásvegur 81 - USK26080132

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, setja upp lyftu, fjölga salernum fyrir fatlaða, bæta loftræstingu og flóttaleiðir í skrifstofuhúsi á lóð nr. 81 við Laufásveg

Erindi fylgir yfirlit breytinga, brunahönnun frá Örugger dags. 11. ágúst 2026 og umsögn Minjastofnunar dags. 19. ágúst 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Laugavegur 37 - USK26080111

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum sem felast í því að setja flóttapall við fellistiga frá 3. hæð á framhlið ásamt áður gerðri sorpgeymslu við hótél og verslunarhús á lóð nr. 37 við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Laugavegur 53B - USK25020339

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN020175 vegna lokaúttektar með því að opna á milli lóða 53b og 55 í bílakjallara, fjarlægja útistiga og útidyrhurð, sameina tvö íbúðarrými og breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 53B við Laugaveg.

Erindi fylgir minnisblað frá Örugger verkfræðistofa dags. 31. mars.2025, minnisblað vegna útfærslu á brunavörnum v/lokaúttektar dags. 4. apríl 2024, samþykki húsfundar dags. 19. maí 2026, yfirlit breytinga dags. 26. júní 2001 og minnisblað um kvaðir milli staðfanga dags. í júní 2026.

Frestað. Lagfæra skráningu.

38. Lækjargata 1 - USK26050309

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og til að rífa anddyri á austurhlið Stjórnarráðsins, skrifstofuhúsi, mhl. 01. á lóð nr. 1 við Lækjargötu.

Magn niðurrifs: 7,0 ferm.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla dags. 18. maí 2026 og umsögn Minjastofnunar dags: 17. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Lækjargata 1 - USK26050308

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða skrifstofuhús auk kjallara og tengigangs að austurhlið Stjórnarráðs Íslands, mhl. 01, á lóð nr. 1 við Lækjargötu.

Stærð: 1.685.1 ferm., 6.692.9 rúmm.

Erindi fylgir skýrsla brunahönnunar dags. 18. maí 2026 og umsögn Minjastofnunar dags. 17. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Reynisvatn - Kayak aðstaða - USK26080179

Sótt er um stöðuleyfi fyrir geymslugám 20 fet, húseiningagám 20 fet. og 1 stk færanlegt þurrklósett á lóðinni við Reynisvatn.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Seljavegur 2 – breytingaerindi - USK26040331

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24020073 vegna lokaúttektar í hóteli á lóð nr. 2 við Seljaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Skipholt 37 - USK26080110

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi sem felast í að innréttaðar hafa verið vinnustofur fyrir listamenn á 2. 3. og 4. hæð og í hluta 1. hæðar og kjallara ásamt því að brunavarnir hafa verið uppfærðar í atvinnuhúsi á lóð nr. 37 við Skipholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Spítalastígur 4B – breytingaerindi - USK26050236

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23110280 þannig að innra skipulagi er breytt, geymslur í kjallara er sameinaðar tómstundarýmum, svalahandriðum er breytt og brunavarnir eru uppfærðar í íbúðarhúsi á lóð nr. 4B við Spítalastíg.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK26050237 er fjallar um samliggjandi hús á lóð nr. 6b við Spítalastíg.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr um brunavarnir útgáfa. V01 dags. 25. mars 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Spítalastígur 6B – breytingaerindi - USK26050237

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23110281 þannig að innra skipulagi er breytt, geymslur í kjallara er sameinaðar tómstundarýmum, svalahandriðum er breytt og brunavarnir eru uppfærðar í íbúðarhúsi á lóð nr. 6B við Spítalastíg.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK26050236 er fjallar um samliggjandi hús á lóð nr. 4b við Spítalastíg.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr um brunavarnir útgáfa. V01 dags. 25. mars 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Sörlaskjól 10 - USK26060086

Sótt er um leyfi til að færa aðalinngang hússins frá suðverstuhlið að norðurhlið og byggja þar nýja forstofu með gestasalerni við einbýlishús á lóð nr. 10 við Sörlaskjól.

Stækkun: xx,x ferm..

Erindi fylgir samþykki eigenda lóðar nr. 12 við Sörlaskjól dags. 21. maí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

46. Þórsgata 23 - USK26080112

Sótt er um leyfi til að setja svalaskýli á svalir íbúðar 0201 í húsi á lóð nr. 23 við Þórsgötu.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 14:40

**Brynjar Þór Jónasson
Sigrún Reynisdóttir**

Dagný Geirdal
Böðvar Páll Jónsson
Guðbjörg Sigríður Snorradóttir